



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2023

GRT1FF05

Kennari	Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Miðvikudagar 11:55-12:35 í vinnurými kennara	
Námsefni	Grunnteikning I verkefnamappa, fæst í Eymundsson Krossmóa og Iðnú bókabúð. Grunnteikning I (Útgefandi Iðnú, Reykjavík.)	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnisþætti auk æfinga í teikniskrift. Í fyrri efnisþættinum er fjallað um fallmyndun I og ásmyndun- og fríhendisteikningu í þeim seinni. Í áfanganum öðlast nemendur færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalds, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er jafnframt undirbúningur fyrir frekara nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.	

Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu í grunnteiknimöppu, tímaverkefnum og könnunum og kaflaprófum.	
	Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og að ná að lágmarki 5,0 úr kaflaprófum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er (vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Verkefnamappa	70%
	Kaflapróf og kannanir	30%

Reglur áfanga	Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda út úr kennslustund komi nemandi án námsgagna og áhalda í tíma. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund!
----------------------	---

Efni og áhöld sem nemandi a að vera með	T-stika eða teiknibretti fyrir A3 blöð Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór u.þ.b. 25 - 30 sm.) (Reglustika u.þ.b. 25 - 30 sm.) Teikniblýantur HB (Fallblýantar og H, 3H blý, eða samsvarandi tréblýantar) Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (sirkill) Rúðustrikuð blöð (reiknisblöð/rissblöð)	
--	--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lestri einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga. • nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum.
	
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum. • hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.	

Vinnuáætlun

Tímasókn	16 vikur x 4 klst	64 klst
Undirbúningur og frágangur	16 vikur x 1,5 klst	24 klst
Undirbúningur fyrir kannanir	5x2 klst	10 klst
Alls		98 klst = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 5. - 11. janúar	Kynning á áfanga Fallmyndun 1	1.-9.
2. vika 12. - 18. janúar	Fallmyndun 1	10.-19.
3. vika 19. - 25. janúar	Fallmyndun 1	20.-28. Könnun
4. vika 26. janúar - 1. febrúar	Fallmyndun 1	31.-41.
5. vika 2. - 8. febrúar	Fallmyndun 1	43.-50. Teiknskift verkefni 1-5 lokaskil Könnun
6. vika 9. - 15. febrúar	Fallmyndun 1	51.-56.
7. vika 16. - 23. febrúar	Fallmyndun 1	59.-63.
8. vika 24. febrúar - 2. mars	Fallmyndun 1	65.-69.
9. vika 3. - 9. Mars <i>Miðannarmat</i>	Fallmyndun 1	71.-77.
10. vika 10. - 16. mars	Ásmyndun og fríhendisteikning	78.-84. Könnun
11. vika 17. - 23. mars	Ásmyndun og fríhendisteikning	1.-6.
12. vika 24. - 30. mars <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Ásmyndun og fríhendisteikning	8.-13.
13. vika 11. - 17. apríl	Ásmyndun og fríhendisteikning	16.-22.
14. vika 18. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Ásmyndun og fríhendisteikning	Könnun
15. vika 26. - 3. maí	Ásmyndun og fríhendisteikning	23 Lokaverkefni
16. vika 4. - 10. maí	Fallmyndun I Ásmyndun og fríhendisteikning	Skil á verkefnamöppu

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf,
Sólveig Sveinbjörnsdóttir*